

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023



Skólaárið 2022-2023

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Meginniðurstöður	4
Inngangur	6
Um Árskóla	7
Skólastefna Árskóla	9
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	10
Sjálfsmat veturinn 2022-2023	12
Innra mat á skólastarfi – starfsfólk	13
Mat á gæðagreiini 2.1 - Nemendavernd	14
Mat á gæðagreiini 2.5 - Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	14
Mat á gæðagreiini 2.6 - Samfella í skólastarfi	14
Mat á gæðagreiini 2.2 - Skólanámskrá	15
Mat á gæðagreiini 2.4 - Einstaklingsmiðun	15
Mat á gæðagreiini 3.2 - Betri frammistaða og aukinn árangur	15
Mat á gæðagreiini 1.1 - Umbótamiðað sjálfsmat	15
Mat á gæðagreiini 1.4 - Forysta og starfsmannastjórnun	16
Mat á gæðagreiini 1.2 - Forysta í skólastarfi	16
Mat á gæðagreiini 6.1 - Grunnþættir byrjendalæsis	17
Mat á gæðagreiini 4.6 - Olweusaráætlun í Árskóla	17
Mat á gæðagreiini 4.8 - Mötuneyti	17
Umbótaáætlun skólaársins 2022-2023 - starfsfólk	18
Innra mat á skólastarfi – nemendur	18
Innra mat á skólastarfi – foreldrar	19
Skólapúlsinn	21
Skólapúlsinn nemendur	22
Skólapúlsinn foreldrar	24
Árleg skimun, starfsfólk	24
Áætlun um sjálfsmat 2023-2026	25
Viðaukar	27
Viðauki I - Árleg skimun starfsfólks	28
Viðauki II - Niðurstöður foreldrakönnunar	29
Viðauki III - Umbótaáætlun innra mats 2022-2023	30
Viðauki IV - Einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar?	33

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Meginniðurstöður

Fagmennskuteymi Árskóla hefur m.a. því hlutverki að gegna að sjá um áætlanir um sjálfsmat skólans skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* og hafa eftirfylgni með mats- og umbótaáætlunum.

Þetta skólaár, 2022-23, tóku hvorki foreldrar né nemendur, þátt í mati á skólastarfi með sjálfsmatsaðferðum skólans, en það er á áætlun næsta skólaárs.

Níunda árið í röð var árleg viðhorfakönnun lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk í vefkerfi Skólapúlsins. Vefkerfið heldur utan um nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem lagðar eru fyrir í skólanum. Hvorki voru lagðar kannanir fyrir foreldra né starfsmenn á þessu skólaári. Í könnunum Skólapúlsins er hægt er að skoða stöðu í einstökum þáttum skólastarfsins til samanburðar við skóla af sömu stærð á landsvísu svo og sjá þróunina á milli ára innan skólans. Rýnt hefur verið í niðurstöður nemendakönnunar jafnt og þétt yfir skólaárið en hún er lögð fyrir fjórðung nemenda í hverjum árgangi fjórum sinnum yfir skólaárið. Heildarsamantekt nemendakönnunar er sett fram í þessari skýrslu.

Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra í 2., 4., 7. og 10. bekk á viðtalsdegi í janúar. Könnunin var rafræn og byggir á eldri könnun sem lögð var fyrir foreldra hér áður fyrr. Heildarniðurstöður eru frekar jákvæðar í garð skólans. Fjallað er nánar um helstu niðurstöður í sér kafla í þessari skýrslu. Alls svöruðu 120 foreldrar könnuninni.

Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólk skólans í lok skólaársins. Skimunin byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðagreinum sem starfsfólk skólans hefur búið til á undanförunum áratug um fjölmarga þætti skólastarfsins. Heildarniðurstöður eru fremur jákvæðar um allflesta þætti skólastarfsins. Samkvæmt skimuninni þarf þó að skoða nokkra þætti sem betur mættu fara að mati starfsfólks og eru þeir dregnir fram í sér kafla í þessari skýrslu. Alls svöruðu 60 starfsmenn Árskóla skimuninni.

Þriggja ára áætlun um mat er sett fram í þessari skýrslu. Áætlunin byggir á gæðaviðmiðum úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., og þeim gæðagreinum sem hafa sérstaklega verið búnir til um skólastarf í Árskóla.

Þrettán gæðagreinar voru lagðir fyrir til mats og umbóta hjá starfsfólki skólans á skólaárinu. Allt starfsfólk skólans kom að matinu. Heildareinkunnagjöf hvers matshóps má skoða hér á

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

eftir. Í skýrslunni eru dregnir fram helstu styrkleikar í þeim gæðagreini sem þátttakendur í mati lögðu fram. Ennfremur eru sett fram atriði sem starfsfólk telur að megi bæta.

Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2022-2023:

Matsfundur 29. september 2022	Einkunnagjöf
2.1 Nemendavernd	5, 5
2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	5, 6
2.6 Samfella í skólastarfi	5, 5
Matsfundur 15. nóvember 2022	Einkunnagjöf
2.2 Skólanámskrá	5, 5, 6
2.4 Einstaklingsmiðun	5, 5, 5
3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	5, 5, 5, 5, 5, 5
Matsfundur 14. febrúar 2023	Einkunnagjöf
1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	5, 5, 5, 5, 5, 6
1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	5, 5, 5, 5, 5, 5
Matsfundur 18. apríl 2023	Einkunnagjöf
1.2 Forysta í skólastarfi	5, 5, 5, 5, 4, 6
1.3 Breytingastjórnun	5, 5, 5, 5, 4, 6
6.1 Grunnþættir byrjendalæsis	4
Matsfundur 23. maí 2023	Einkunnagjöf
4.6 Olweusaráætlun í Árskóla	4, 4, 5
4.8 Mötuneyti	5, 5, 4

Til glöggvunar á matsniðurstöðum má skoða gildi hvernar einkunnar skv. einkunnaskala sjálfsmatskerfisins hér á eftir en einnig í ýtarlegri útfærslu sem sjá má í viðauka II.

Einkunnaskali skv. sjálfsmatsaðferðinni <i>Hversu góður er grunnskólinn okkar?</i>
Einkunn 6 - <i>framúrskarandi</i>
Einkunn 5 - <i>mjög gott</i>
Einkunn 4 - <i>gott</i>
Einkunn 3 - <i>fullnægjandi</i>
Einkunn 2 - <i>slakt</i>
Einkunn 1 - <i>ófullnægjandi</i>

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram viðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Sjá grunnskólalögin nánar [hér](#).

Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólalahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Frá árinu 1999 hefur starfsfólk Árskóla byggt sjálfsmatið á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School*. Efnið hefur verið uppfært nokkrum sinnum. Árið 1999 var matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og var þá nefnt *Gæðagreinar* í íslenskri þýðingu. Árið 2010 var þriðja útgáfa af sjálfsmatskerfinu, *How good is our school 3, the journey to excellence*, þýdd yfir á íslensku og nefndist þá *Gæðagreinar 2*. Sjálfsmatsefnið var uppfært enn á ný og gefið út í september 2015, *How good is our school, 4. útgáfa*. Starfsfólk Fræðsluþjónustu Skagafjarðar vann að þýðingu á nýju útgáfunni á skólaárinu og á vormisseri 2016 var íslenska þýðingin *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* gefin út og í kjölfarið byrjað á því að meta skólastarf í Árskóla með þeirri útgáfu. Nokkrar

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

breytingar hafa verið gerðar á sjálfsmatskerfinu með nýju útgáfunni, lykilþáttum og gæðagreinum hefur verið fækkað til muna og gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni varðandi matsferlið. Jafnframt er lögð áhersla á að skólar aðlagi matskerfið enn frekar að sérstöðu hvers skóla og bæti við gæðaviðmiðum um skólastarf við þau gæðaviðmið sem sett eru fram í hverjum lykilþætti. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er þó enn hinn sami, en nýjungarnar eru til þess fallnar að hægt verði að efla gæði umbótamiðaðs innra mats þar sem stefnan er sett á framúrskarandi gæði skólastarfs. Sem fyrr snýst kjarni sjálfsmatsins um áhrif skólastarfs á nemendur.

Sjálfsmatsvinna í gegnum Gæðagreinana er ein af grunnstöðum skólastarfs í Árskóla. Allir starfsmenn taka virkan þátt í matsvinnunni. Nemendur taka reglubundið þátt í mati á skólastarfinu. Stjórn nemendafélagsins hefur einnig tekið þátt í að búa til ný gæðaviðmið um skólastarf með sýn nemenda að leiðarljósi.

Um Árskóla

Í lok skólaársins var nemendafjöldi í Árskóla samtals 374 í 1. – 10. bekk en nemendum er kennt saman í hverjum árgangi. Heildarfjöldi starfsmanna ýmist í hluta- eða fullu starfi var 75. Í ársskýrslu skólans má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum svo og upplýsingar um starfsmenn og stöðugildi. Í Árskóla starfa nemendur, kennarar og annað starfsfólk saman undir einkunnarorðum skólans *lifa, leika, læra*. Sérstaða skólans byggir á þessum einkunnarorðum. Rík hefð er fyrir list- og verkgreinakennslu. Skipar leiklistin þar veglegan sess. Allir nemendur eru þjálfaðir í að koma fram frá því í 1. bekk og eru árshátíðir nemenda allra bekkja hápunktur ársins hjá hverjum árgangi. Umsjónarkennarar hafa veg og vanda að uppsetningu leikverka með nemendum og öðru starfsfólki og leggjast allir á eitt um að hafa sýningarnar sem veglegastar og er umgjörðin, búningar og leikmynd jafnan glæsileg. Nemendur í 10. bekk setja á svið, árlega, leikverk í fullri lengd og sjá þá jafnan sjálfir um allt sem lýtur að umsýslu sýninganna s.s. sýningarstjórn, miðasölu, tæknimál o.s.frv. Þegar að frumsýningu er komið. Til margra ára hefur verið lögð mikil áhersla á danskennslu. Í nokkur misseri var hér starfandi danskennari og nemendur fengu leiðsögn í dansi vikulega. Góður grunnur nemenda í dansmennt hefur fylgt æ síðan og nú fá nemendur kennslu í dansi nokkrum sinnum yfir skólaárið. Stór þáttur í fjáröflun 10. bekkinga fer m.a. fram með dansmaráðoni, en sú hátíð er fjölsótt af bæjarbúum og taka nemendur á öllum aldri og gestir þátt í gleðinni með elstu nemendum.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Af öðrum viðburðum sem hefðir eru fyrir í skólastarfinu má t.d. nefna Árskóladaginn þar sem skólinn er opinn fyrir bæjarbúa. Þar kynna nemendur og starfsfólk skólastarfið með fjölbreyttum hætti en stór hluti af þeim degi er jafnframt helgaður því að gefa til baka til samfélagsins með því að safna fyrir góðum málstað. Eins má nefna þorablót, íþróttadag, friðargöngu í upphafi aðventu, gleðigöngu í skólalok og fleira mætti telja. Nemendur í hverjum árgangi fara í skólaferðalag að vori, flestir í dagsferðir en nemendur í 7. bekk fara í þriggja daga ferð um Suðurland og nemendur 10. bekkja hafa frá upphafi stofnunar Árskóla farið í skólaferðalag til Danmerkur. Skólinn hefur verið virkur í samskiptum við erlenda skóla og er samstarfið við vinaskóla okkar í Köge, sterkt. Einnig hefur skólinn tekið þátt í nokkrum samstarfsverkefnum styrktum af Erasmus á undanförunum misserum.

Á hverju skólaári vinnur starfsfólk saman að þróunarverkefnum og áhersla er lögð á að skapa virkt lærdómssamfélag í Árskóla. Í ár hafa nokkur þróunarverkefni verið í vinnslu. Þau eru m.a. *vinaliðaverkefni* sem er norskt að uppruna og snýr að virkni nemenda í frímínútum og verkefni í *Byrjendalæsi*. Um þessi verkefni má lesa í ársskýrslu Árskóla. Þróun teymiskennslu hefur verið í brennidepli undanfarin ár sem fyrr en þetta er áttunda skólaárið í röð sem nemendum er kennt í árgöngum í stað bekkja eins og áður var. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og rík hefð fyrir teymisvinnu um málefni nemenda. Umbætur í skólastarfi undanfarinna ára hafa byggst á sjálfsmati skólans. Innra mat með aðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* er traustur grunnur að vegferðinni í átt að *skóla sem lærir*.

Öll starfsemi skólans er á einum stað í skólahúsnæði við Skagfirðingabraut. Allir nemendur skólans hafa sínar árgangastofur, matsalur rúmar nemendafjöldi á hverju stigi fyrir sig, aðstaða á skólasafni er framúrskarandi og vinnusvæði starfsmanna er með ágætum. Enn er þó eftir að fullklára skólahúsnæðið svo fullnægjandi aðstæður fyrir skólastarf geti orðið að veruleika. Almennt fer sundkennsla fram í Sundlaug Sauðárkróks, sem er útisundlaug. Einnig er innisundlaug á Heilbrigðisstofnuninni nýtt til sundkennslu fyrir einstaka nemendur skólans.

Árvist, frístund, er starfrækt í húsnæði skólans. Skólalóðin er nýtt til útivistar og önnur rými skólans eftir þörfum. Árvist er ætluð fyrir nemendur í 1.- 2. bekk. Í Árvist er:

- öruggt skjól þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín og þroskast í hlýju umhverfi
- lögð áhersla á samvinnu þar sem börnin læra að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

- lögð áhersla á að bera virðingu fyrir okkur sjálfum, öðrum og umhverfinu

Skólafestna Árskóla

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir að markmið grunnskóla, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellri þróun. Grunnskólinn á að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólinn hefur það hlutverk að stuðla að góðu samstarfi við heimilin með það að leiðarljósi að tryggja farsælt skólafest. Starfshættir skólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, íslenskrri menningu, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og fjölbreytileika.

Grunnskólinn á að veita nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólafestfið á því að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Skólafestna Árskóla byggist á ofangreindum markmiðum og skólafestnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og menntafestnu Skagafjarðar.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 eru *sex grunnþættir menntunar* lagðir til grundvallar. Þeir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Í starfi Árskóla er leitast við að hafa þá að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag.

Í Árskóla er lögð áhersla á að skólinn sé aðlaðandi vinnustaður þar sem nemendum og starfsmönnum líður vel í leik og starfi og að allir starfsmenn vinni náið saman að velferð nemenda. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluáðferðum, vinna saman í teyllum að námi og kennslu og hafa miklar væntingar til nemenda. Í Árskóla er öflugt stoðkerfi og teymisvinna um málefni nemenda. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu nemenda og starfsmanna og jákvæðan skólabrag. Hvatt er til skapandi hugsunar og frjálsrar tjáningar og í því skyni er reynt að stuðla að blómlegri listkennslu í öllum árgöngum. Skólinn er Olweusarskóli og hefur unnið að eineltismálum undir merkjum Olweusar frá árinu 2002.

Í Árskóla er starfað samkvæmt einkunnarorðunum *lifa – leika – læra*.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Að *lifa* vísar til þess að skólinn:

- búi nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi
- stuðli að sjálfstæðri hugsun og jákvæðri sjálfsmynd nemenda
- þjálfí hæfni nemenda til samstarfs við aðra
- leiðbeini nemendum við að sýna umburðarlyndi og víðsýni

Að *leika* vísar til þess að skólinn:

- efli starfsgleði nemenda með því að nota fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
- hafi fasta viðburðadaga þar sem nemendur fá að njóta sín í leik og starfi
- leggi áherslu á leiklist og sviðsframkomu í öllum árgöngum
- leggi áherslu á að læra í gegnum leik

Að *læra* vísar til þess að skólinn:

- veiti nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni
- kenni nemendum vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska
- hvetji nemendur til ábyrgðar á eigin námi
- veiti markvissa endurgjöf til nemenda til að stuðla að framförum í námi
- vinni að einstaklingsmiðun náms þar sem þörfum hvers einstaklings er mætt
- skapi hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir og krefjandi viðfangsefni
- hvetji nemendur til ígrundunar og virkrar þátttöku í námi

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Árskóli hefur allt frá árinu 1999 byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, *How good is our school?* Aðferðin hefur verið endurskoðuð og uppfærð í gegnum árin. Þrisvar sinnum hafa uppfærslurnar verið þýddar yfir á íslensku, árin 1999, 2010 og 2016. Nýjasta útgáfan heitir: *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Í sjálfsmatskerfinu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í þrjá lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Forysta og stjórnun
2. Námskilyrði

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

3. Velgengi og árangur

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. **Hvernig stöndum við okkur?**
2. **Hvernig vitum við það?**
3. **Hvað gerum við næst?**

Með sjálfsmatsefninu fylgir einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1 - 6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 eða ***mjög gott***, sem merkir að styrkleikar einkenni ákveðið svið skólastarfsins. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreinum þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreinum sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra. Sjá einkunnaskala í viðauka IV.

Framkvæmd matsins:

Gerð er áætlun til þriggja ára um þá þætti í skólastarfinu sem á að meta. Áætlunin tekur til þeirra þriggja lykilþátta sem sjálfsmatskerfið ***Hversu góður er grunnskólinn okkar?*** byggir á auk þeirra gæðagreina sem starfsfólk Árskóla hefur búið til og byggja á sérstöðu skólans. Sjá þriggja ára áætlun um sjálfsmat í Árskóla nánar síðar í skýrslunni.

Matið er unnið í vefkerfinu Bravo Lesson. Allir gæðagreinar skólans eru þar inni en suma þeirra þarf að laga betur að starfi skólans. Bravo Lesson er ætlað að stuðla að aukinni skilvirkni og auðvelda framkvæmd sjálfsmats og gerð umbótaáætlana. Vinnan í kerfinu eflir skipulag og sparar tíma auk þess að búa yfir þeirri hagræðingu að geta flutt út skýrslur og birt myndrit við kynningar og á heimasíðu skólans.

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Ætlast er til þess að skólar meti gæðagreininn í heild sinni eða velji gæðaviðmið til mats og umbóta. Jafnframt eru skólar hvattir til að bæta við gæðaviðmiðum sem snúa að sérstöðu skólans og aðlaga með þeim hætti sjálfsmatskerfið að skólastarfi á hverjum stað.

Hver matshópur ígrundar atriðin sem lögð eru fyrir til mats hverju sinni og gefur þeim einkunnir skv. einkunnaskalanum sem fylgir efninu, sjá viðauka IV. Matsaðilar koma sér svo

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

saman um eina heildareinkunn sem gefin er í lokin fyrir gæðagreininn sem liggur fyrir til mats. Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram, rökstuddir og skráðir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti.

Þegar matsvinnunni er lokið er umbótaáætlun unnin á grunni niðurstaðna. Þar eru markmiðssettar umbótatillögur settar fram, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum sjálfsmatskerfisins
Hversu góður er grunnskólinn okkar? í fjórum skrefum:

1. ***Skilgreining lykilþátta***, undirþátta eða þema eftir því sem við á
2. ***Skilgreining viðmiða***, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einkunnaskali frá 1 - 6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða ***framúrskarandi***. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila
3. ***Greining sterkra þátta í skólastarfi svo og þátta sem þarfnast umbóta***, umsögn og einkunnagjöf
4. ***Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn***, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í umbótaáætlun eftir því sem við á.
5. ***Eftirfylgni umbóta***.

Sjálfsmat veturinn 2022-2023

Fagmennskuteymi Árskóla sér um utanumhald á sjálfsmati starfsfólks, nemenda og foreldra. Í því eiga sæti deildarstjórar stiga og stoðþjónustu, fulltrúi kennara á hverju stigi og verkefnisstjóri. Teymið fundaði nokkrum sinnum á þessu skólaári, endurbætti gæðagreina, gerði áætlanir um fyrirlögn á mati á skólastarfinu og vann að umbótaáætlun. Haldnir voru 5 matsfundir og var matið unnið í matshópum í Bravo Lesson kerfinu. Niðurstöður matsins voru teknar saman í umbótaáætlun sem fagmennskuteymið fylgir eftir og sér um að koma til starfsmanna til úrvinnslu.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Yfirlit yfir matsþætti skólaársins 2022-2023:

Matsþættir úr sjálfsmatsefninu <i>Hversu góður er grunnskólinn okkar?</i>
gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
gg. 1.2 Forysta í skólastarfi
gg. 1.3 Breytingastjórnun
gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
gg. 2.1 Nemendavernd
gg. 2.2 Skólanámskrá
gg. 2.4 Einstaklingsmiðun
gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi
gg. 2.6 Samfella í skólastarfi
gg. 3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur

Byrjendalæsi
gg. 6.1 Grunnþættir byrjendalæsis

Árskólagæðagreinar
gg. 4.6 Olweusaráætlun
gg. 4.8 Mötuneyti

Hér á eftir eru settar fram helstu niðurstöður mats úr þeim gæðagreinum sem lagðir voru fyrir til mats á skólaárinu og áætlun um umbætur.

Innra mat á skólastarfi – starfsfólk

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 29. september:

Matsfundur 29. september 2022	Einkunnagjöf
2.1 Nemendavernd	5, 5
2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi	5, 6
2.6 Samfella í skólastarfi	5, 5

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Mat á gæðagreinini 2.1 - Nemendavernd

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur hópum kennara og annarra starfsmanna. Helstu styrkleikar að mati þátttakenda eru að öryggi og velferð nemenda er í hávegum höfð og nemendur hafa rödd í skólasamfélaginu. Staðið er mjög vel að flestum þáttum í nemendavernd. Hyggja má að hvernig varðveislu gagna er varða nemendur er háttáð, s.s. fundargerðum teymisfunda o.þ.h.

Mat á gæðagreinini 2.5 - Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur hópum kennara og annarra starfsmanna. Þátttakendur voru sammála um að helsti styrkleiki skólans felist í samstarfi heimilis og skóla og sá þáttur sé í góðum farvegi. Hér eru allir, alltaf tilbúnir til að leita allra leiða við að mæta þörfum nemenda og að virkja fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi. Skólinn hvetur fjölskyldur til þátttöku í starfi skólans sem stuðlar að jafnrétti, sanngirni og fjölbreytileika. Fjölskyldum eru boðin úrræði, sem skóli og fræðsluþjónusta hafa yfir að ráða, sem byggja á skilgreindum þörfum bæði í náms- og félagslegu tilliti.

Mat á gæðagreinini 2.6 - Samfella í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af tveimur hópum kennara og annarra starfsmanna. Góð samfella er á milli skólastiga, gott samstarf milli skólastofnanna hér á svæðinu og samstarf við nærsamfélagið. Niðurstöður námsmats eru nýttar til áframhaldandi áætlanagerða. Það er sóknarfæri í að rýna í gögn sameiginlega og nýta niðurstöður til gagns. Nemendur fá stuðning og geta rætt um námsframvindu sína við lok grunnskóla. Gerðar eru einstaklingsnámskrár og þeim fylgt eftir á milli stiga. Námsframvinda á milli stiga innan skólans mætti vera betur skilgreind. Með góðri samfelli milli skólastiga stuðlum við að velferð allra nemenda í leik, námi og starfi.

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 15. nóvember:

Matsfundur 15. nóvember 2022	Einkunnagjöf
2.2 Skólanámskrá	5, 5, 6
2.4 Einstaklingsmiðun	5, 5, 5
3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur	5, 5, 5, 5, 5, 5

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Mat á gæðagreini 2.2 - Skólanámskrá

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Skólasamfélagið er meðvitað um mikilvægi þess að allir taki þátt í þróun skólanámskrár. Sjálfsmatið er frábært verkfæri til þess. Skólanámskrá er yfirfarin árlega og uppfærð eftir þörfum. Hefðirnar gefa skólanum sérstöðu og skólastarfið umhverfist kringum þær. Tengsl skólans við nærsamfélagið eru mjög góð. Skólinn veitir nemendum reglulega tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Áhersla er lögð á fjölbreyttar leiðir til náms og starfs nemenda.

Mat á gæðagreini 2.4 - Einstaklingsmiðun

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Í skólanum hefur tekist vel til að vinna eftir hugmyndafræðinni „skóli án aðgreiningar.“ Samband nemenda og starfsmanna er mjög gott í Árskóla sem og skólabragurinn. Fjölbreytni ríkir í námi og kennslu. Þar er öflugur starfsmannahópur sem vinnur vel saman. Markviss stuðningur er við nemendur og gott samstarf við forsjáradila vegna úrræða fyrir nemendur. Gott eftirlit er með námsframvindu, góð yfirsýn og komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Mat á gæðagreini 3.2 - Betri frammistaða og aukinn árangur

Gæðagreinirinn var metinn af sex hópum starfsmanna. Við notum fjölbreyttar námsmatsleiðir og eigum samræður um ágæti þeirra. Við erum með fjölbreyttar matsaðferðir þar sem styrkleikar nemendans fá að njóta sín. Nemandinn er alltaf í fyrirrúmi. Áhersla er á læsi og talnalæsi. Notaðar eru árangursríkar aðferðir sem stuðla að sanngirni, velgengni og árangri fyrir alla nemendur. Utanumhald og eftirfylgni við nemendur er í góðum farvegi og fylgst er vel með velferð þeirra varðandi nám og líðan.

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 14. febrúar:

Matsfundur 14. febrúar 2023	Einkunnagjöf
1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	5, 5, 5, 5, 5, 6
1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	5, 5, 5, 5, 5, 5

Mat á gæðagreini 1.1 - Umbótamiðað sjálfsmat

Gæðagreinirinn var metinn af sex hópum starfsmanna. Árskóli er leiðandi á landsvísu í umbótamiðaðu sjálfsmati. Við veitum öðrum skólum leiðsögn og aðstoð við sjálfsmat. Við fylgjum sjálfsmatsáætlun, gerum ætíð umbótaáætlanir og sjálfsmatsskýrslu. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í sjálfsmati og sjálfsmatsvinna er órjúfanlegur hluti af skólastarfinu og hluti

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

af faglegu starfi í skólanum. Rýnt er reglulega í sjálfsmat og kannanir um nám og starf. Niðurstöður matsins eru nýttar til að bæta skólastarfið.

Mat á gæðagreiðni 1.4 - Forysta og starfsmannastjórnun

Gæðagreinirinn var metinn af sex hópum starfsmanna. Mjög gott aðgengi er að stjórnendum skólans og hlutverk allra skýr. Góður félagastuðningur er til staðar og fólk ber virðingu fyrir starfi sínu og annarra. Sýn og gildi Árskóla eru skýr og skólabragurinn góður. Samheldni er í starfsmannahópnum og tekið er vel á móti nýju starfsfólki. Mikill vilji er til úrbóta hjá öllum í skólasamfélaginu. Fjölbreyttar leiðir eru nýttar til samskipta og gott upplýsingaflæði er mikilvægt. Gott samstarf er við stjórnendur og góður starfsandi.

Mikilvægt er að skólastjórnendur fari yfir það með hverjum og einum að hausti hvað felst í starfi þeirra. Nýir starfsmenn þurfa meiri handleiðslu í upphafi starfs og kynningu á því sem til er ætlast. Benda þarf á skólanámskrá skólans að hausti, sérstaklega nýju starfsfólki.

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 18. apríl:

Matsfundur 18. apríl 2023	Einkunnagjöf
1.2 Forysta í skólastarfi	5, 5, 5, 5, 4, 6
1.3 Breytingastjórnun	5, 5, 5, 5, 4, 6
6.1 Grunnþættir byrjendalæsis	4

Mat á gæðagreiðni 1.2 - Forysta í skólastarfi

Gæðagreinirinn var metinn af sex hópum starfsmanna. Það er góður starfsandi, samstaða og góð samvinna í skólanum í þágu velferðar nemenda. Í skólanum er öflug teymiskennsla og góð samvinna alls starfsfólks og sameiginleg sýn á starfi skólans. Stjórnendur eru jákvæðir fyrir endurmenntun, sýna starfsfólki stuðning og hvetja til símenntunar. Starfsmenn hafa góð tækifæri til endurmenntunar. Skólastjórnendur skapa vettvang til að miðla þekkingu milli starfsmanna og efla hæfni og menntun alls starfsfólks.

Mat á gæðagreiðni 1.3 - Breytingastjórnun

Gæðagreinirinn var metinn af sex hópum starfsmanna. Starfsfólk hefur tækifæri til að taka þátt í umbótastarfi. Starfsmenn vinna sameiginlega að umbótum í skólastarfi og eru öflugir í ígrundun og umbótavinnu sbr. sjálfsmat og umbótaáætlanir skólans. Allt starfsfólk tekur

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

virkan þátt í umbótum og breytingum á skólastarfinu sem miðar að því að gera gott skólastarf betra. Starfsfólk hefur sameiginlega sýn á skólastarfið þar sem leitað er leiða til umbóta.

Mat á gæðagreini 6.1 - Grunnþættir byrjendalæsis

Gæðagreinirinn var metinn af umsjónarkennurum á yngsta stigi. Allir árgangar vinna eftir hugmyndafræði Byrjendalæsis. Einstaklingsmiðun er vel sinnt og kennsluaðferðir eru fjölbreyttar. Áhersla er lögð á að allir vinni eftir hugmyndafræði Byrjendalæsis og nýti sér gagnabanka og rafræna fyrirlestra til endurmenntunar.

Heildareinkunnagjöf vegna mats á gæðagreinum á matsfundi 23. maí:

Matsfundur 23. maí 2023	Einkunnagjöf
4.6 Olweusaráætlun í Árskóla	4, 4, 5
4.8 Mötuneyti	5, 5, 4

Mat á gæðagreini 4.6 - Olweusaráætlun í Árskóla

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Starfsfólk skólans tekur virka afstöðu gegn einelti. Þegar upp koma grunsemdir um einelti eru allir starfsmenn upplýstir um málið og gerðir ábyrgir fyrir því að fylgjast með og skrá niður samskipti. Staðið er vel að kynningarmálum um einelti og könnun máls og viðbragðsáætlun vel fylgt eftir, en það eru sóknarfæri til að gera betur. Halda þarf betur utan um Olweusarverkefnið í heild, endurvekja fundi með starfsfólki og halda reglulega bekkjarfundi með nemendum. Huga þarf betur að því að áætlunin sé virk og fylgt eftir af öllum starfsmönnum. Til þess að skólinn geti skilgreint sig sem Olweusarskóla þarf hann að fylgja markvisst þeim áherslum sem Olweusaráætlunin segir til um.

Mat á gæðagreini 4.8 - Mötuneyti

Gæðagreinirinn var metinn af þremur hópum starfsmanna. Til staðar er gott eldhús, góð aðstaða í matsal og gott starfsfólk. Áhöld eru hrein og matsalurinn snyrtilegur að morgni dags. Boðið er upp á heitan mat alla daga; fiskur, kjöt og grænmeti í alltaf í boði. Daglega er boðið upp á ávexti og grænmeti. Hvatt er til vatnsneyslu. Matseðlar eru gefnir út á réttum tíma og eru vel aðgengilegir. Notalegt andrúmsloft er í matsalnum fyrir nemendur og starfsfólk. Samsetningu máltíða og gæði matarins má skoða. Aðgengi við skólann til að taka á móti matnum er ekki gott.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Umbótaáætlun skólaársins 2022-2023 - starfsfólk

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023 var unnin af fagmennskuteymi skólans. Stuðst var við niðurstöður úr innra mati skólans, foreldrakönnun, niðurstöðum úr nemendakönnun í Skólapúlsinum og árlegri skimun starfsmanna. Finna má umbótaáætlunina í viðauka 3.

Hvað þarf að gera?
Gæta þess að allir aðilar sem koma að viðkvæmum málum séu upplýstir, t.d. stuðningsfulltrúar.
Kennarar skólans ræða sameiginlegan skilning á námsframvindu milli skólastiga.
Það er sóknarfæri í að rýna í gögn sameiginlega og nýta niðurstöður til gagns.
Starfsfólk hefur tækifæri til að kynna og fræðast um námskeið sem sótt eru út fyrir skólann.
Vinna sýnilegri og markvissari símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2023-2024.
Auka fæðuúrval með tilliti til hollustu. Bæta flokkun sorps í mótuneyti og starfsmannaaðstöðu.
Samræma mætti betur samstarf stuðningsaðila og umsjónarkennara í málefnum nemenda.
Markmið og viðmið byrjendalæsis þurfa að vera sýnilegri í kennslustofum. Notkun myndrita og ritunarramma gæti verið markvissari. Læsismarkmið í samþættingu námsgreina þarf að vera skýrari. Kennarar þurfa að nýta betur matrixu byrjendalæsis við undirbúning og skipulagningu. Nýta þarf samvinnunám betur sem námsleið og virkja jafningjamat/sjálfsmat.
Uppfæra tæknikunnáttu starfsfólks reglulega og kennslu á hin ýmsu tæki og forrit.
Gera gátlista og verkferla aðgengilegri og sýnilegri.
Virkja Olweusarteymið til að halda starfsmönnum betur við efnið. Nýir starfsmenn fá kynningu, fræðslu um áætlunina og reglulega séu haldnir fundir með öllu starfsfólki til að rifja upp.
Þjálfa nemendur í að setja sér markmið í námi til lengri og skemmri tíma og gefa þeim frekara tækifæri til að ígrunda og tjá sig um eigið nám.

Innra mat á skólastarfi – nemendur

Á þessu skólaári reyndist ekki unnt að vinna að mati á skólastarfinu með nemendum.


Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Innra mat á skólastarfi – foreldrar

Foreldrar tóku ekki þátt í mati á skólastarfi með sjálfsmatsaðferðum skólans þetta skólaárið, en hins vegar var könnun lögð fyrir foreldra/forsjáraðila í 2., 4., 7. og 10. bekk á viðtalsdegi í janúar sl. Alls tóku 120 foreldrar/forsjáraðilar þátt og gefa niðurstöður almennt til kynna að þeir eru jákvæðir um skólastarf í Árskóla. Í könnun sem þessari gefst foreldrum/forsjáraðilum tækifæri til að leggja mat á og tjá sig um skólastarfið, um það sem vel er gert og það sem betur má fara. Það er mikilvægt fyrir skólastarfið að fá fram viðhorf foreldra/forsjáraðila með þessum hætti og eru niðurstöður nýttar í þeim tilgangi að bæta skólastarfið en slík umbótavinna fer ávallt fram í gegnum sjálfsmatsaðferðir skólans. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar segja um 98% foreldra Árskóla vera mjög góðan eða frekar góðan skóla.

2. Hvernig skóli finnst þér Árskóli vera?

120 svör




Um 81% foreldra segja miklar framfarir eða talsverðar framfarir hafa verið í skólastarfinu í heild undanfarin ár. Það er ánægjulegt að sjá að foreldrar eru sýnilega að meta og vitna um framfarir í skólastarfi Árskóla. Um 98% þeirra segja skólastarfið svara þeim kröfum fremur vel eða mjög vel, sem eðlilegt sé að gera til skóla í nútímasamfélagi. Eru það svipaðar niðurstöður og frá fyrri árum. Einnig segja um 97% foreldra að barninu þeirra líði mjög vel eða frekar vel í skólanum og námsþörfum þess sé vel sinnt.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

6. Hversu vel eða illa telur þú að barninu þínu líði í skólanum ?

113 svör




Þegar foreldrar voru spurðir hversu vel eða illa þeir gætu mælt með Árskóla við aðra svöruðu 95% þeirra mjög vel eða frekar vel. Um 94% foreldra telja náms- og kennsluaðferðir í Árskóla vera mjög fjölbreyttar eða frekar fjölbreyttar og 97% foreldra telja að námsþörfum barnsins þeirra sé sinnt frekar vel eða mjög vel. Um 99% foreldra sem þátt tóku í könnuninni telja að barnið þeirra fái að njóta sín í skólanum yfirleitt eða alltaf.

Mikil jákvæðni er í garð núverandi umsjónarkennara barnanna en 99% foreldra segja að viðhorf til umsjónarkennara sé ýmist mjög jákvætt eða fremur jákvætt. Þessar niðurstöður eru samhljóma því sem nemendur segja í könnun Skólapúlsins þar sem matsþátturinn samband nemenda við kennara er marktækt yfir landsmeðali.

7. Hversu ánægður eða óánægður ertu með samskipti starfsfólks skólans við barnið þitt?

115 svör




Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Nokkur samhljómur er í niðurstöðum kannana hjá foreldrum, nemendum og starfsfólki skólans hvað varðar ábyrgð nemenda á eigin námi. Samkvæmt foreldrakönnun telja aðeins 16,4% foreldra/forsjáraðila að barn þeirra taki mjög mikla ábyrgð á eigin námi. Í árlegri skimun starfsmanna kemur fram að ábyrgð nemenda á eigin námi er undir þeim viðmiðum sem skólinn setur sér. Nemendakönnun Skólapúlsins sýnir einnig að nemendur hafa ekki trú á eigin vinnubrögðum í námi. Þarna eru því tækifæri til úrbóta.

8. Hversu mikla ábyrgð finnst þér barnið þitt taka á eigin námi?

116 svör



Heildarniðurstöður foreldrakönnunarinnar eru í viðauka 2.

Skólapúlsinn

Á skólaárinu var nemendakönnun lögð fyrir með vefkerfi Skólapúlsins, sjöunda árið í röð. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins.

Niðurstöður einstakra matsþátta eru í sumum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalníur (stanines). Staðalníur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Viðmiðunarreglan er sú að meðaltalsmunur upp á 0,5 stig á staðalníukvarða telst *ekki mikill munur*, munur upp á 1,0 stig telst *töluverður munur* og munur upp á 1,5 stig telst *mikill munur*. Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþátta fyrir sig. Í sumum tilfellum eru niðurstöður settar fram sem hlutfall svara við ákveðnum svarmöguleikum. Í þeim tilfellum er engin almenn viðmiðunarregla um túlkun.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Viðmið staðlaða kvarðans voru fastsett við fyrstu fyrirlögn foreldrakönnunar árið 2012-2013 og því merkir talan 5 á staðlaða kvarðanum dæmigerð viðhorf foreldra í grunnskólum skólaárið 2012-2013. Viðmið nemendakönnunar voru uppfærð í upphafi skólaárs 2015 og því merkir talan 5 dæmigerðan nemenda skólaársins 2014-2015.

Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjórnumerktur og ýmist með **grænum stöfum +** eða **rauðum stöfum -**. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu. Lágmarkssvarhlutfall í könnunum Skólapúlsins er 60%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf þátttakenda.

Niðurstaða hvers þáttar er annað hvort meðaltal mæligilda á bilinu 1 til 9 eða hlutfall svarenda sem velja tiltekna svarmöguleika. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur. Liðurinn **breyting** er sú tala sem greinir frá breytingu á mælingum á niðurstöðum nemendakönnunar innan skólans nú miðað við þegar könnunin var síðast lögð fyrir. Hér má sjá yfirlit yfir stöðu matsþátta og umfjöllun um hvern efnisflokk.

Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins sjá [**hér**](#).

Skólapúlsinn nemendur

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í Árskóla fjórum sinnum yfir skólaárið í október, desember, febrúar og maí. Fjórðungur nemenda í hverjum árgangi í 6. – 10. bekk tók könnunina í hverri fyrirlögn. Alls voru 171 nemandi skráður til þátttöku í könnuninni, svarhlutfall var 99,4%. Nemendakönnunin skiptist í þrjá lykilþætti, þeir eru *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi*. Fjórði lykilþátturinn er *opin svör*. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu sem taka þátt í Skólapúlsinum. Einnig sýna niðurstöður þróun á milli skólaára á viðhorfum nemenda innan Árskóla á skólastarfinu.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,2	168	0,0	4,3	18.805	-0,1
1.2. Þrautseigja í námi	4,3	169	0,2	4,4	18.898	-0,1
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,6	169	0,0	4,7	19.161	-0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	3,9	169	-0,2	4,4	19.153	-0,5*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,1	169	0,0	4,3	18.885	-0,2*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,7	169	0,1	4,8	19.102	-0,1

Í flokknum *virgni* nemenda mælast viðhorf nemenda nú undir landsmeðaltali miðað við niðurstöður síðasta skólaárs. Þátturinn *ánægja af lestri* mælist rétt undir landsmeðaltali og stendur í stað frá fyrra skólaári. Sama gildir um þættina, *þrautseigja í námi*, *áhugi á stærðfræði* og *trú á eigin námsgetu* sem mælast rétt undir landsmeðaltali. Hafa þeir ýmist staðið í stað eða færst í jákvæðari átt. Marktækur munur er á niðurstöðum skólans og landsmeðaltali í tveimur þáttum, *ánægju af náttúrufræði* og *trú á eigin vinnubrögð í námi*.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,3	168	-0,2	4,2	18.810	0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,6	169	0,0	4,2	18.779	0,4*
2.3. Velliðan	4,8	169	0,0	4,3	18.993	0,5*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	37	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,4	169	0,1	5,8	18.957	-0,4*
2.6. Tíðni eineltis	9,5%	16/168	-0,8%	15,0%	2925/18895	-5,5%*
2.7. Staðir eineltis	-	15	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	51,2%	86/168	4,1%	44,8%	8301/18484	6,4%
2.9. Hollt mataræði	4,3	169	0,3	4,6	18.662	-0,3*

Í flokknum *líðan og heilsa* mælast þættirnir *sjálfsálit*, *stjórn á eigin lífi* og *velliðan* yfir landsmeðaltali og hafa lækkað lítillega eða staðið í stað innan skólans miðað við í fyrra. Þættirnir *stjórn á eigin lífi* og *velliðan* mælast marktækt hærri en í viðmiðunarskólunum. *Einelti* mælist marktækt undir landsmeðaltali nú í ár en hefur aðeins aukist miðað við niðurstöður frá síðustu mælingu innan skólans. *Tíðni eineltis* mælist 9,5% í Árskóla sem er -5,5% lægra en á landsvísu. Sextán nemendur í 6. – 10. bekk segjast hafa orðið fyrir einelti

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

skv. könnuninni. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar.

Tíðni hreyfingar hefur aukist hjá nemendum Árskóla skv. niðurstöðum könnunarinnar, en 51,2% nemenda hreyfa sig að jafnaði tvisvar sinnum í viku eða oftar. Samkvæmt þessu virðast nemendur Árskóla hreyfa sig oftar en nemendur viðmiðunarskólanna. Nemendur Árskóla telja sig borða *hollara fæði* nú en á síðasta skólaári og eru þó enn marktækt undir landsmeðaltali.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,0	169	-0,1	4,7	18.627	0,3*
3.2. Samband nemenda við kennara	5,6	169	0,1	4,7	18.844	0,9*
3.3. Agi í tímum	4,6	169	0,3	4,8	18.801	-0,2
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,7	169	0,0	4,8	18.741	-0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,2	169	0,2	4,8	18.759	0,4*

Í floknum *skóla- og bekkjarandi* mælist þátturinn *samsömun við nemendahópinn* marktækt yfir landsmeðaltali og er örlítill lækkun milli ára í skólanum. Þátturinn *samband nemenda við kennara* mælist marktækt hærri en landsmeðaltalið og er jákvæð breyting milli skólaára. Jákvæð breyting hefur orðið á þættinum *agi í tímum* og er nú -0,2 undir landsmeðaltali. Þátturinn *virk þátttaka nemenda í tímum* mælist lægri í Árskóla en í viðmiðunarskólunum. Þátturinn *tíðni leiðsagnarmats* er marktækt yfir landsmeðaltali, en þar eru nemendur beðnir um að taka afstöðu til þriggja fullyrðinga um endurgjöf kennara.

Skólapúlsinn foreldrar

Könnunin var ekki lögð fyrir á skólaárinu.

Árleg skimun, starfsfólk

Árleg skimun var lögð fyrir allt starfsfólk Árskóla í lok skólaársins. Skimunin byggir á gæðaviðmiðum um skólastarf úr sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, 4. útg., ásamt gæðagreinum sem starfsfólk skólans hefur búið til á undanförunum áratug um

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

fjölmarga þætti skólastarfsins. Skimunin var lögð fyrir í kannanakerfinu Google Forms og send til þátttakenda í tölvupósti. Niðurstöður skimunarinnar verða ígrundaðar og við þeim brugðist með starfsfólki skólans í upphafi næsta skólaárs. Þar sem einkunnagjöf er lág í matsþáttum gefst tækifæri til að bregðast við með viðeigandi umbótum. Niðurstöður skimunarinnar má sjá í viðauka 1. Þar má sjá sundurliðaða einkunnagjöf á einstaka matsþáttum. Einnig er reiknað hlutfall þeirra starfsmanna sem gefa einkunnirnar 4- *gott*, 5- *mjög gott* og 6- *framúrskarandi* í einstökum matsþáttum. Þeir þættir sem þarf að huga sérstaklega að skv. niðurstöðum skimunarinnar eru eftirfarandi og má sjá hér á eftir.

Fimm þættir mældust hlutfallslega lægri en 80% þegar teknar eru saman einkunnirnar 4- *gott*, 5- *mjög gott* og 6- *framúrskarandi* í einstökum matsþáttum:

- Ábyrgð nemenda gagnvart námi sínu.
- Markviss þjálfun nemenda í að setja sér markmið.
- Reglulegir bekkjarfundir samkvæmt Olweusaráætlun.
- Hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti skólans.
- Umhverfissjónarmið, s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd.

Síðustu tveir þættirnir hafa farið töluvert niður á við miðað við niðurstöður árlegrar skimunar frá fyrra skólaári.

Sérstaklega jákvæð svörun kom út í nokkrum þáttum og má þar helst nefna líðan starfsfólks á vinnustað, samvirkni kennara, áhrif sjálfsmats á velgengni og árangur nemenda, forysta og starfsmannastjórnun, árangursríkar aðferðir sem hafa velferð nemenda að leiðarljósi, gæði náms og kennslu og framkvæmd uppbrotsdaga.

Í október 2021 gerði Menntamálastofnun úttekt á skólastarfi í Árskóla. Niðurstöður úr matinu ásamt umbótaáætlun sem gerð var í framhaldinu má finna á heimsíðu MMS. Í vetur var unnið að umbótum á þeim þáttum sem betur máttu fara og verður fram haldið næsta skólaár.

Áætlun um sjálfsmat 2023-2026

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr skoska sjálfsmatsefninu eru merktir með bláum, grænum og

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

appelsínugulum lit. Gæðagreinar sem búnir hafa verið til í Árskóla eru merktir með gulum lit (Ágg.). Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær ýmsar kannanir eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Skólaár	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Haustönn			
	2.3 Nám, kennsla og námsmat	Námsmatsgæðagreinar - Ágg.	2.1 Nemendavernd
	1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	3.1 Velferð jafnrétti og skóli án aðgreiningar	2.5 Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi
	Mat nemenda á skólastarfi, yngsta stig, nemendagæðagreinar Ágg.	3.3 Sköpun og starfshæfni	2.6 Samfella í skólastarfi
	Samvirkni kennara - Ágg.	Lestrarstefna Skagafjarðar	2.2 Skólanámskrá
		2.7 Samstarf	2.4 Einstaklingsmiðun
			3.2 Betri frammistaða og aukinn árangur
Vorönn			
	Viðburðadagar í skólastarfi - Ágg.	Teymiskennsla - Ágg.	1.2 Forysta í skólastarfi
	Jafnréttisgæðagreinar - Ágg.	Mötuneytisgæðagreinar - Ágg.	1.3 Breytingastjórnun
			1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
			1.1 Umbótamiðað sjálfsmat
	Mat nemenda á skólastarfi, nemendagæðagreinar - Ágg.		Mat nemenda á skólastarfi, jafnréttisgæðagreinar - Ágg.
	Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinar - Ágg.		Mat foreldra/forsjáraðila á skólastarfi, foreldragæðagreinar - Ágg.
			Olweusaráætlun - Ágg.
Kannanir			

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Nóv.	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk	Olweusarkönnun nemendur í 4. – 10. bekk
Okt., des. feb., apríl	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólapúlsinn nemendakönnun lögð fyrir fjórum sinnum yfir skólaárið fyrir nemendur í 6. – 10. bekk
Janúar	Foreldrakönnun	Foreldrakönnun	Foreldrakönnun
Mái	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks	Árleg skimun starfsfólks
Júní			
	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla	Ársskýrsla Sjálfsmatsskýrsla
	Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum Ágg.	Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum Ágg.	Fagmennska starfsfólks, mat og umbótaáætlun í starfsmannaviðtölum Ágg.

Viðaukar

Viðauki I - Árleg skimun starfsfólks í Árskóla, maí 2023

Viðauki II - Niðurstöður foreldrakönnunar

Viðauki III - Umbótaáætlun innra mats

Viðauki IV - Einkunnaskali, *Hversu góður er grunnskólinn okkar?*

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Viðauki I - Árleg skimun starfsfólks

Árleg skimun starfsfólks 2023	1 Ófullnægjandi	2 Slákt	3 Fullnægjandi	4 Gott	5 Mjög gott	6 Framúrskarandi	Svörun	Meðaleikurnn	% me 0 eink 4-6 2023	% me 0 eink 4-6 2022
2. Er umbótamiðað sjálfsmat óaðskiljanlegur hluti af skólastarfinu?			3	13	30	13	59	4.90	95%	98%
3. Á hvaða hátt hefur sjálfsmat skólans haft áhrif á velgengi og árangur nemenda?			2	18	38	1	59	4.64	97%	100%
4. Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks í skólastarfinu?			2	12	39	7	60	4.85	97%	96%
5. Hversu ábyrga telur þú nemendur gagnvart námi sínu?		7	10	36	7		60	3.72	72%	78%
6. Á hvaða hátt hafa aðferðir okkar til skólaþróunar áhrif á árangur nemenda (s.s. byrjendalæsi, innleiðing tækni og lestrarstefnu) ?			4	15	39	1	59	4.63	93%	96%
7. Hvernig metur þú forystu og starfsmannastjórnun í skólanum, m.t.t. velferðar starfsfólks, faglegar leiðsagnar og styðjandi starfsumhverfis?		1	3	13	35	8	60	4.77	93%	100%
8. Hversu árangursríkar eru aðferðir okkar sem hafa velferð nemenda að leiðarljósi þ.m.t. nemendavernd og öryggismál?			1	13	37	7	58	4.86	98%	100%
9. Hvernig metur þú gæði náms og kennslu í skólanum?			1	13	40	5	59	4.83	98%	100%
10. Eru nemendur markvisst þjálfaðir í að setja sér markmið í námi?		9	11	27	9		56	3.64	64%	
11. Hvernig metur þú gæði námsmats í skólanum?		1	1	20	37		59	4.58	97%	92%
12. Hvernig nýtum við niðurstöður námsmats í þágu nemenda?			4	22	31		57	4.47	93%	92%
13. Hvernig metur þú hvort og hvernig nám, kennsla og matsaðferðir mæta fjölbreyttum þörfum nemenda?			1	16	38	2	57	4.72	98%	96%
14. Hvernig metur þú gæði einstaklingsmiðunar og þæu stuðningsúræði sem skólinn býður nemendum?			3	12	36	7	58	4.81	95%	96%
15. Hvernig metur þú samstarf skólans við foreldra/forsjáráðila?				9	47	4	60	4.92	100%	100%
16. Á hvaða hátt metur þú samstarf alls starfsfólks innan skólans?			1	10	40	9	60	4.95	98%	98%
17. Á hvaða hátt metur þú samstarf skólans við samstarfsaðila utan skólans (s.s. fræðsluþjónustu, samstarfsskóla, samstarfsstofnanir o.s.frv.)?			3	20	34	2	59	4.59	95%	94%
18. Hvernig finnst þér skólinn nú að skapa námsumhverfi sem samræmist hugmyndafræðinni um skóla án aðgreiningar/menntun fyrir alla?			5	18	32	4	59	4.59	92%	90%
19. Hvernig fylgjum við eftir námsgengi nemenda og árangri?			3	21	35		59	4.54	95%	96%
20. Hvernig metur þú tækifæri nemenda til að beita sköpunarhæfni sinni í fjölbreyttum verkefnum?				16	36	7	59	4.85	100%	94%
21. Hvernig stöndum við okkur í eflingu lestrar skv. Lestrarstefnu Skagafjarðar?			1	18	36	3	58	4.71	98%	98%
22. Hvaða mat leggur þú á hvernig jafnrétti og sanngími er haft að leiðarljósi í skólastarfinu?			2	12	38	7	59	4.85	97%	94%
23. Hvaða mat leggur þú á vinnu að forvörnum gegn einelti og úrvinnslu mála skv. aðgerðaaætlun skólans gegn einelti (Olweus)?			5	19	32	4	60	4.58	92%	98%
24. Voru bekkjarfundir haldnir reglulega á skólaárinu?		6	12	18	12	1	49	3.80	63%	
25. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd maraþons 10. bekkjar?			1	4	37	15	57	5.16	98%	100%
26. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd friðargöngu?			1	6	40	12	59	5.07	98%	100%
27. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þorrablóts?			1	9	39	10	59	4.98	98%	98%
28. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd Reykjaferðar 7. bekkjar?				10	29	7	46	4.93	100%	100%
29. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd þróttadags?			8	15	30	6	59	4.58	86%	96%
30. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd skólasíta?			1	7	35	16	59	5.12	98%	100%
31. Hvernig metur þú skipulag, undirbúning og framkvæmd árshátíða nemenda?			1	6	40	12	59	5.07	98%	100%
32. Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?			1	7	44	8	60	4.98	98%	98%
33. Hvernig metur þú samvirkni kennara (m.t.t. samvinnu, gagnkvæms stuðnings, sameiginlegrar sýnar, miðlunar nýrrar þekkingar, fagstjórnar o.s.frv.)?			1	18	37	4	60	4.73	98%	100%
34. Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Árskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða?		2	6	19	27	2	56	4.38	86%	84%
35. Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mótuneyti skólans?		13	10	26	7		56	3.48	59%	75%
36. Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?		15	10	24	11		60	3.52	58%	77%
37. Hvernig líður þér á vinnustað?			2	7	42	9	60	4.97	97%	98%

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Viðauki II - Niðurstöður foreldrakönnunar

Niðurstöður foreldrakönnunar í janúar 2023										
	Svarmöguleiki	%	Svarmöguleiki	%	Svarmöguleiki	%	Svarmöguleiki	%	Svarmöguleiki	%
Í hvaða bekk er barnið þitt?	2. bekk	23,3%	4. bekk	26,7%	7. bekk	24,4%	10. bekk	25,8%		
Hvernig skóli finnst þér Árskóli vera?	Mjög góður	61,7%	Frekar góður	36,7%	Frekar slæmur	1,7%	Mjög slæmur	0,0%		
Hvernig finnst þér skólalastarfinu hafa miðað í heild undanfarin ár? (Miðað við t.d. sl. 4 ár burtséð frá Covid).	Miklar framfarir	16,7%	Talsverðar framfarir	56,9%	Kyrrstaða	24,5%	Talsverð afturför	1,0%	Mikil afturför	1%
Hvernig finnst þér skólalastar í Árskóla svara þeim kröfum sem eðlilegt er að gera til skóla í nútímasamfélagi?	Mjög vel	46,1%	Fremur vel	52,2%	Fremur illa	1,7%	Mjög illa	0,0%		
Hvernig finnst þér námsþörfum barnsins þins vera sinnt?	Mjög vel	53,6%	Frekar vel	44,5%	Frekar illa	1,8%	Mjög illa	0,0%		
Hversu vel eða illa telur þú að barninu þínu líði í skólanum?	Mjög vel	46,9%	Frekar vel	50,4%	Frekar illa	2,7%	Mjög illa	0,0%		
Hversu ánægður eða óánægður ertu með samskipti starfsfólks skólans við barnið þitt?	Mjög ánægður	68,7%	Frekar ánægður	30,4%	Frekar óánægður	0,9%	Mjög óánægður	0,0%		
Hversu mikla ábyrgð finnst þér barnið þitt taka á eigin námi?	Mjög mikla	16,4%	Frekar mikla	17,2%	Frekar lítila	65,5%	Mjög lítila	0,9%		
Hversu mikið eða lítið ræðir þú við barnið þitt um námið?	Mjög mikið	27,0%	Frekar mikið	61,7%	Frekar lítið	11,3%	Mjög lítið	0,0%		
Hvað finnst þér um agann í skólanum?	Of mikill	1,8%	Hæfilegur	88,50%	Of lítil	9,7%				
Telur þú að barnið þitt fái að njóta sín í skólanum?	Alltaf	27,80%	Yfirleitt	71,30%	Sjaldan	0,90%	Aldrei	0%		
Hversu ánægður eða óánægður ertu með störf foreldrafélagsins?	Mjög ánægður	33%	Fremur ánægður	60,60%	Fremur óánægður	5,50%	Mjög óánægður	0,90%		
Hversu vel eða illa getur þú mælt með Árskóla við aðra foreldra?	Mjög vel	51,30%	Frekar vel	43,50%	Frekar illa	5,20%	Mjög illa	0%		
Hversu fjölbreyttar eða fábreyttar finnst þér náms- og kennsluáferðir vera í Árskóla?	Mjög fjölbreyttar	36,20%	Frekar fjölbreyttar	57,80%	Frekar fábreyttar	6%	Mjög fábreyttar	0%		
Hversu ánægður eða óánægður eru með fyrirkomulag námsmats í skólanum?	Mjög ánægður	33,90%	Frekar ánægður	58,30%	Frekar óánægður	7%	Mjög óánægður	0,90%		
Finnst þér barn þitt fá einkunnir og umsagnir í samræmi við það sem þér finnst að vænta megi?	Alltaf	35,80%	Oftast	93,30%	Sjaldan	0,80%	Aldrei	0%		
Nýtir barnið sér stoðkerfi skólans (sér- eða stuðningskennslu)?	Já	26,70%	Nei	70,70%	Veit ekki	2,60%				
Ef svarið við síðustu spurningu var já, hversu sáttur eða ósáttur ertu við stöðjónustuna?	Mjög sáttur	54,50%	Fremur sáttur	39,40%	Fremur ósáttur	6,10%	Mjög ósáttur	0%		
Finnst þér heimanám barns þins vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?	Of mikið	5,20%	Hæfilegt	88,80%	Of lítið	6%				
Hvernig lýsir þú viðhófi þínu til núverandi umsjónarkennara barnsins?	Mjög jákvætt	71,60%	Fremur jákvætt	27,60%	Fremur neikvætt	0,90%	Mjög neikvætt	0%		
Hvernig hefur samstarfið við umsjónarkennarana verið?	Mjög gott	81%	Fremur gott	19%	Fremur slæmt	0%	Mjög slæmt	0%		
Hvernig finnst þér þær upplýsingar sem þú færð um barnið þitt, nám þess, gengi og líðan í skólanum?	Mjög gagnlegar	57%	Fremur gagnlegar	38,50%	Fremur gagnslitlar	1,80%	Mjög gagnslitlar	0%		
Hvað finnst þér um foreldra- og nemendaviðtöl sem skólinn boðar til að hausti og á miðjum vetri?	Mjög gagnleg	54,7%	Fremur gagnleg	38,50%	Fremur gagnslitil	6,80%	Mjög gagnslitil	0%		
Hversu ánægður eða óánægður ertu með skólanámskráa Árskóla?	Mjög ánægður	35,10%	Fremur ánægður	47,40%	Fremur óánægður	1,80%	Mjög óánægður		Hef ekki kynnt mér skólanámskrána	15,80%
Hvernig finnst þér skólabragurinn í Árskóla vera?	Mjög góður	50%	Frekar góður	50%	Frekar sæmur	0%	Mjög slæmur	0%		
Ef þú hefur átt barn í öðrum grunnskóla, hvernig finnst þér Árskóli vera í samanburði við þann skóla?	Mun sáttari við Árskóla	53%	Sáttari við Árskóla	30,60%	Ámóta sáttur	16,70%	Sáttari við hinn	0%	Mun sáttari við hinn	0%
Ræðir þú um einelti við barnið þitt?	Mjög oft	25,20%	Frekar oft	59,70%	Frekar sjaldan	15,10%	Mjög sjaldan	0%		
Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í skólanum?	Já	82,20%	Nei	17,80%						
Ef svarið var já við síðustu spurningu. Hvernig finnst þér hafa verið tekið á því?	Mjög vel	30,80%	Frekar vel	61,50%	Frekar illa	7,70%	Mjög illa	0%		
Hvaða mat leggur þú á fagmennsku og hæfni starfsfólks Árskóla?	Mjög góð	41,60%	Frekar góð	57,50%	Frekar slök	0%	Mjög slök	0,90%		
Hvernig finnst þér húsnæði skólans?	Mjög gott	34,80%	Frekar gott	51,30%	Frekar slæmt	11,30%	Mjög slæmt	2,60%		
Hvernig metur þú aðbúnað á skólalóðinni?	Mjög góður	36,40%	Frekar góður	58,50%	Frekar sæmur	4,20%	Mjög slæmur	0,80%		
Hversu ánægður eða óánægður ertu með morgunverðinn í skólalóðinni?	Mjög ánægður	32,40%	Fremur ánægður	58,30%	Fremur óánægður	6,50%	Mjög óánægður	2,80%		
Hversu ánægður eða óánægður ertu með morgunverðinn í skólalóðinni?	Mjög ánægður	7,80%	Fremur ánægður	42,60%	Fremur óánægður	21,70%	Mjög óánægður	8,70%	Barnið borðar ekki hádegisverð í skólalóðinni	19,10%
Hversu ánægður eða óánægður ertu með stjórnun skólalastarfs Árskóla?	Mjög ánægður	43,20%	Frekar ánægður	51,70%	Fremur óánægður	5,10%	Mjög óánægður	0%		
Ársvist										
Hversu ánægður eða óánægður ertu með starfsemi Árvistar?	Mjög ánægður	70,60%	Fremur ánægður	26,50%	Fremur óánægður	0%	Mjög óánægður	2,90%		
Hvernig finnst þér barninu þínu líða í Árvist?	Mjög vel	77,40%	Frekar vel	19,40%	Frekar illa	3,20%	Mjög illa	0%		
Hvað finnst þér um húsnæði Árvistar?	Mjög gott	25%	Frekar gott	59,40%	Frekar slæmt	15,60%	Mjög slæmt	0%		
Hvernig lýsir þú viðhófi þínu til starfsmanna Árvistar?	Mjög jákvætt	67,70%	Fremur jákvætt	32,30%	Fremur neikvætt	0%	Mjög neikvætt	0%		

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Viðauki III - Umbótaáætlun innra mats 2022-2023

Svið - Umbótaáætlun innra mats skólaárið 2022-2023

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvenær lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Gæta þess að allir aðilar sem koma að viðkvæmum málum séu upplýstir, t.d. stuðningsfulltrúar.	Umsjónarkennarar upplýsa allt starfsfólk sem tengist ákveðnum nemanda um þau mál er hann varðar nauðsynlegt er að hafa vitneskju um. Deildarstjórar minna umsjónarkennara á þessa vinnureglu á stigsfundum.	01/11/2022	Skoða fundargerðir af stigsfundum. Spurt verður í árlegri skimun að vori hvort starfsfólk telji sig betur upplýst um málefni einstakra nemenda.	Jákvæð svörun í árlegri skimun.
Kennarar skólans ræða sameiginlegan skilning á námsframvindu milli skólastiga.	Koma á vinnufundum þar sem kennarar í árgöngum/námshæðum m ræða námsframvindu nemenda milli stiga og skipuleggja námsferla með tilliti til samfellu í námi	29/06/2023	Skoðað hvort fundur milli árganga/stiga hafa verið haldnir að minnsta kosti einu sinni á skólaárinu.	Kennurum var skapaður vettvangur til að halda fundi um samfellu í námi.
Það er sóknarfæri í að rýna í gögn sameiginlega og nýta niðurstöður til gagns.	Árgangateymi og önnur teymi rýna í niðurstöður úr könnunum/ athugunum með skólastjórnendum og gera áætlanir um úrbætur út frá þeim.	29/06/2023	Í lok skólaárs er athugað hvort rýnifundur hafi verið haldnir reglulega.	Rýnifundir hafa verið haldnir eftir því sem við á yfir skólaárið.
Auka fæðuúrval með tilliti til hollustu. Bæta flokkun sorps í mötuneyti og starfsmannaaðstöðu.	Kynna niðurstöður sjálfsmats fyrir útboðsaðilum. Koma upp verkferlum um hvernig við losum okkur við sorp í mötuneyti og starfsmannaaðstöðu.	15/09/2023	Rætt hefur verið við útboðsaðila og verkferlar um sorpflokkun liggja fyrir.	Skólamáltíðir uppfylla viðmið um hollustu og næringargildi. Flokkun í mötuneyti og starfsmannaaðstöðu er samkvæmt opinberum reglum.
Starfsfólk hefur tækifæri til að kynna námskeið sem það hefur sótt út fyrir skólann annars vegar og að fræðast um námskeið sem aðrir hafa sótt.	Skipulag á þriðjudagsfundum liggur fyrir haust- og vormisseri í upphafi hvors misseris. Þar verða settar á dagskrá kynningar á einstökum námskeiðum með reglulegu millibili eins og þurfa þykir.	15/09/2023	Fundaáætlun birt starfsmönnum.	Námskeið sem starfsmenn sækja eru kynnt á þriðjudagsfundum.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvenær lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Vinna sýnilegri og markvissari símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2023-2024.	Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2023-2024 sett fram fyrir 30. ágúst 2023.	15/09/2023	Símenntunaráætlun birt í starfsáætlun skólans.	Símenntunaráætlun er sýnileg öllum starfsmönnum í starfsáætlun skólans.
Samræma mætti betur samstarf stuðningsaðila og umsjónarkennara í málefnum nemenda.	Í upphafi skólaárs er skilgreindur tími í stundaskrá þar sem þessir aðilar funda og ræða málefni árgangsins.	30/09/2023	Stundaskrá starfsmanna skoðaðar.	Samstarfsfundir eru skráðir á stundaskrá.
Markmið og viðmið byrjendalæsis þurfa að vera sýnilegri í kennslustofum. Notkun myndrita og ritunarramma gæti verið markvissari. Læsismarkmið í samþættingu námsgreina þarf að vera skýrari. Kennarar þurfa að nýta betur matrixu byrjendalæsis við undirbúning og skipulagningu. Nýta þarf samvinnunám betur sem námsleið og virkja jafningjamat/sjálfsmat.	Endurmenntun í byrjendalæsi. Fundur á haustmisseri til að kynna nýtt fyrirkomulag og rifja upp hugmyndafræði þess.	01/11/2023	Fundir og endurmenntun í byrjendalæsi hafa farið fram.	Aðferðir byrjendalæsis er þekktar og notaðar af öllum kennurum sem vinna eftir þessari hugmyndafræði. Markmið og viðmið eru sýnileg í kennslustofum.
Gera gátlista og verkferla aðgengilegri og sýnilegri.	Uppfæra skólanámskrá skólans með tilliti til þess að gera einstaka þætti hennar aðgengilegri.	31/12/2023	Uppfærð skólanámskrá birt á heimasíðu skólans.	Skólanámskrá hefur verið uppfærð.
Uppfæra tæknikunnáttu starfsfólks reglulega og kennslu á hin ýmsu tæki og forrit.	Gerð verður fræðsluáætlun fyrir haustmisseri um endurmenntun í tækni og notkun kennsluforrita, bæði nýrra og þeirra sem eru nú þegar í notkun.	31/12/2023	Skoðað hvort áætlun hafi verið framfylgt í árlegri skimun að vori.	Starfsmenn hafa tækifæri til að sækja námskeið í tækni og forritum sem notuð eru í skólastarfinu.
Þjálfarar nemendur í að setja sér markmið í námi til lengri og skemmri tíma og gefa þeim frekara tækifæri til að ígrunda og tjá sig um eigið nám.	Koma á nemendastýrðum foreldraviðtölum. Fræða starfsfólk um hvernig standa megi að undirbúningi og framkvæmd slíkra viðtala.	31/05/2024	Athugað í árlegri skimun starfsfólks að vori hvernig til hafi tekist.	Nemendum er tamt að setja sér markmið og vinna samkvæmt þeim.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hvenær lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Virkja Olweusarteymið til að halda starfsmönnum betur við efnið. Nýir starfsmenn fá kynningu, fræðslu um áætlunina og reglulega séu haldnir fundir með öllu starfsfólki til að rifja upp.	Hefja markvisst Olweusarstarf strax í upphafi skólaárs samkvæmt þeim skilgreiningum sem til eru.	01/06/2024	Fundargerðir Olweusarteymis skoðaðar og starfsmenn spurðir í árlegri skimun að vori hvernig til hafi tekist.	Bekkjarfundir haldnir samkvæmt reglum Olweusar. Fræðsla er til nýrra starfsmanna. Samráðs- og teymisfundir settir á reglulega yfir skólaárið.
Að gera náttúrufræði að áhugaverðari námsgrein í skólanum.	Virkja teymi kennara af öllum stigum skólans til að samræma náttúrufræðikennslu og finna leiðir til að ná betur til nemenda.	01/06/2024	Viðhorf nemenda metið í Skólapúlsinum.	Áhugi nemenda hefur aukist samkvæmt mælingum úr Skólapúlsinum.

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

Viðauki IV - Einkunnaskali, Hversu góður er grunnskólinn okkar?

Sex stiga skalinn

Við notum einkunnaskalann til að meta gæðagreinana. Menntayfirvöld, sveitarfélög og opinberar stofnanir nota einkunnaskalann í þeim tilgangi að meta starf mismunandi stofnana. Taka þarf fram að þegar einkunnagjöf er notuð gildir hún fyrir allan gæðagreininn. Hægt er að meta menntun í víðu samhengi. Hafa ber í huga að þegar einkunnaskalinn er notaður til að meta skólastarf þarf matið að snúast um faglega hæfni fremur en tæknilega útfærslu. Almennar leiðbeiningar um einkunnagjöf, sem ætti að nota jöfnum höndum í matinu, má sjá hér á eftir.

6 Framúrskarandi	Einkunnin framúrskarandi merkir að tiltekið svið skólastarfs sé framúrskarandi og leiðandi á landsvísu. Námsreynsla og námsárangur allra nemenda er framúrskarandi. Einkunnin framúrskarandi er gefin fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag. Einkunnin, byggir á sanngirni, þátttöku og faglegri þekkingu sem er samofin skólasamfélaginu og styður við framfarir á öllum sviðum. Hún felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður viðhaldið.
5 Mjög gott	Einkunnin mjög gott merkir að styrkleikar einkenna tiltekið svið skólastarfsins. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Einkunnin mjög gott felur í sér mikil gæði í kennslu og námi nemenda og allir ættu að geta náð því viðmiði. Væntingar eru um að skólinn muni nota sjálfsmatið áfram til skipulagningar á umbótum og vinni að því að bæta nám og kennslu í átt að framúrskarandi skólastarfi.
4 Gott	Einkunnin gott merkir að mikilvægir styrkleikar í skólastarfinu þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist umbóta. Styrkleikarnir hafa merkjanleg, jákvæð áhrif á næstum því alla nemendur. Þar sem gæði námsreynslu nemenda eru skert á einhvern hátt er þörf á umbótum. Það bendir til að skólinn ætti að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika og grípa til aðgerða á þeim sviðum sem þarfnast umbóta.
3 Fullnægjandi	Einkunnin fullnægjandi merkir að styrkleikar á tilteknu sviði skólastarfsins rétt nái að vega þyngra en veikleikar. Einkunnin gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Hún greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda og einnig að veikleikar séu ekki það miklir að þeir hafi neikvæð áhrif á námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Einkunnin bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja meira á styrkleikum sínum.
2 Slakt	Einkunnin slakt merkir að það séu veikleikar í mikilvægum þáttum á tilteknu sviði skólastarfsins. Þrátt fyrir að koma megri auga á einhverja

Sjálfsmatsskýrsla Árskóla 2023

	sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu, annað hvort á stöku stað eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Einkunnin bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.
--	--

1 Ófullnægjandi	Einkunnin ófullnægjandi merkir að mikilvæg atriði á tilteknum sviðum skólastarfsins séu slök og þarfnist tafarlausra umbóta. Námsreynsla nemenda er sýnilega í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Venjulega felur það í sér samvinnu við starfsfólk í öðrum skólum eða samstarfsstofnunum.
------------------------	---